



Landsnet hf
Gnýr Guðmundsson
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Reykjavík, 14. mars 2018
Tilvísun: 201802017 / 4.1.1

Efni: Kerfisáætlun 2018-2027, matslýsing

Landsnet vinnur að kerfisáætlun 2018-2027 og umhverfismati hennar skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Lögð hefur verið fram til kynningar matslýsing vegna umhverfismatsins og óskað eftir athugasemdu.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matslýsingu, sbr. ákvæði um samráð við stofnunina í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006 og bendir á eftirfarandi atriði:

Í kafla 3 er fjallað um raunhæfar sviðsmundir sem lýsa mögulegri þróun á íslenskum raforkumarkaði næstu áratugina. Skipulagsstofnun vísar til athugasemda stofnunarinnar við tillögu að kerfisáætlun 2016-2025 þess efnis að í slíkri sviðsmyndagreiningu ætti að stilla upp sviðsmynd sem felst í aukinni orkunýtni og orkusparnaði. Slíkt væri í samræmi við umræðu í öðrum Evrópulöndum og á alþjóðavettvangi og jafnframt í samtæmi við áherslu á jafnvægi milli orkunýtingar og náttúruverndar. Áhugavert væri einnig að stilla upp slíkri sviðsmynd með orkuskíptum og þá jafnframt að tekið sé tillit til breyttra ferðamáta og minni ferðaþarfar með áherslu á þéttu og blandaða byggð.

Í kafla 4.4 kemur fram að lagt verði mat á hámarksleind jarðstrengja sem unnt er að leggja á milli tveggja tengipunkta, sem byggi á greiningu Landsnets. Settir eru fyrirvarar um að þessa vegalengd þurfi að skoða í kerfislegu samhengi, meðal annars með öðrum loftlínum og jarðstrengjum. Skipulagsstofnun bendir á að hér er um grundvallaratriði að ræða varðandi ákvarðanir um framtíðaruppbýggini og þróun raforkuflutningskerfisins og telur stofnunin því mikilvægt að ítarlega sé gerð grein fyrir rökstuðningi og forsendum þessara takmarkana í tillöggunni/umhverfismatinu.

Í kafla 6.4 kemur fram að tilgangur umfjöllunar um landslag og ásýnd sé að meta hvort flutningskerfi fari um svæði sem njóta ákveðinnar sérstöðu í landslagi og upplifun, og hvort unnt sé eða þörf á að bregðast við því með aðgerðum. Skipulagsstofnun undirstrikar að í umhverfismatinu komi skýrt fram hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar mati á sérstöðu svæða hvað varðar landslag og upplifun.

Skipulagsstofnun bendir á varðandi viðmið í töflu 6.2 um jarðminjar að á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands er að finna gögn um verndargildi jarðmyndana/jarðminja^{1,2,3}.

¹ Helgi Torfason og Ingvar Atli Sigurðsson, 2002. Verndun jarðminja á Íslandi. Tillögur vegna náttúruverndaráætlunar 2002. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-02019.

² Kristján Jónasson og Sigmundur Einarsson, 2009. Jarðminjar á háhitasvæðum Íslands. Jarðfræði, landmótun og yfirborðsummerki jarðhita. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-09012.



Skipulagsstofnun

Jafnframt mælir stofnunin með því að bætt sé við matssprungu, fyrir umhverfisþáttinn jarðminjar, um hve mikið óraskað land fer undir flutningskerfið.

Skipulagsstofnun bendir á að í matslysingu fyrir kerfisáætlun 2017-2026 var að finna matssprungu varðandi umhverfisþáttinn vatnshlot sem sneri að því hvort flutningskerfi færí um vatnshlot. Sambærilega matssprungu er ekki að finna í matslysingu fyrir kerfisáætlun 2018-2027. Skipulagsstofnun óskar eftir rökstuðningi fyrir þeirri breytingu.

Egill Pórárinsson
Egill Pórárinsson

³ Lovísa Ásbjörnsdóttir, 2016. Áhugaverðar jarðminjar á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-16004.